

101 TOKYO

13.06.09–13.07.09

SNERTING VIÐ JAPAN

Í NORRÆNA HÚSINU REYKJAVÍK



Villa Mairea e Alvar Aalto



Floating Sauna e Sami Rintala



Birkimörk e Pálmar Kristmundson arkitektastofu

BYGGINGARLIST Á JAPAN-HÁTÍÐ NORRÆNA HÚSSINS

ein aðalkveikjan að Japan-hátíð Norræna Hússins er sá áhugaverði innblástur sem farið hefur ýmist frá Japan til Íslands / Norðurlandanna eða öfugt, m.a. í verkum hins merka finnska arkitekts og hönnuðar Alvar Aalto, í listrænum innsetningum ungra arkitekta þvert á gefin landamæri eða í íslenskri samtímabyggingarlist. Bæði Japan og Ísland eru eldfjallalönd og á báðum stöðum hefur sérkennilegt og síbreytilegt landslagið mikil áhrif á form og áherslur í manngerðu umhverfi byggingarlistarinnar, þar sem öguð naumhyggja og náttúruleg efniskennd vega salt hvort með öðru.

13.júní-13.júlí _ SÝNING

JAPÖNSK ÁHRIF Í VERKUM ALVAR AALTO

Ljóðræn sýning sem endurspeglar áhrif hefðbundinnar japanskrar byggingarlistar á verk finnska arkitektsins Alvar Aalto, sem teiknaði m.a. Norræna Húsið í Reykjavík. Sýningarstjóri Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt.

25.júní kl 20:00 _ FYRIRLESTUR

BYGGT MEÐ NÁTTÚRUNNI – LJÓÐRÆN VERKEFNI

Arkitektarnir Sami Rintala (FI), Dagur Eggertsson (IS/NO) og Ryo Yomada (JA) kynna eigin verk frá Japan, Finnlandi, Noregi og Íslandi. Þeir gefa einnig innsýn í nýtt verk sem þeir standa sameiginlega að með tilvísunum í japanska og norræna byggingarlistarhefð og baðmenningu Japan, Finnlands og Íslands.

02.júlí kl 20:00 _ FYRIRLESTUR

LANDSLAG OG FAGURFRÆÐI – EFNI OG HUGSUN Í BYGGT FORM

Guja Dögg Hauksdóttir (IS) arkitekt og deildarstjóri við byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur kynnir japanska og íslenska nútímabyggingarlist með áherslu á staðbundið landslag og menningu.

09.júlí kl 20:00 _ FYRIRLESTUR

JAPÖNSK ÁHRIF Í VERKUM ALVAR AALTO OG NORRÆNNI BYGGINGARLIST

Leif Høgfeldt Hansen (DK) arkitekt og prófessor við Arkitektaskólann í Árósum heldur fyrirlestur um áhrif japanskrar byggingarlistar á verk Alvar Aalto og annarra norrænna arkitekta um miðbik 20.aldarinnar.

04.júlí kl 09:30-12:30 _ LISTSMIÐJA FYRIR BÖRN

Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt og Kristín Reynisdóttir listamaður stýra listsmiðju fyrir börn 6-12 ára með áherslu á hefðbundna japanska byggingarlist.



WWW.101TOKYO.IS